

Skýrsla

Nafn verkefnis:	Sýnismappa í 1. bekk.
Höfundur/höfundar:	Dagmar Þóra Sævarsdóttir og Olga Ellen Einarsdóttir.
Tímabil:	Veturinn 2006-2007.
Árgangur/árgangar:	Árgangur 2000, 1. bekkur.

Stutt lýsing á verkefninu:

Safnað var völdum verkefnum í sýnismöppu fyrir hvern nemenda. Aðallega er um að ræða sýnishornum af vinnu nemandans og á hún þegar fram líða stundir að gefa raunsanna mynd af þroska- og námsferli nemandans. Kennari og nemandi völdu verkefni í möppuna, ýmist saman eða sér. Einnig voru notaðir gátlistar, marklistar og sjálfsmatsverkefni nemandans. Í möppuna fóru: Tvö verkefni úr textilmennt og tvö úr tónmennt, verkefni úr samfélagsfræði, verkefni sem nemandinn valdi sjálfur, mat á bókaáhuga og lestri, áhugasviðskönnun, myndir af nemandanum, bekkjarmyndir og nafnalisti, sjálfsmýndir frá hausti og vori, lestrarferlið og sýnishorn af skrift, tvö stærðfræðiverkefni og verkefni úr sögubók.

Hvað gekk vel?

Vel gekk að velja verkefni í möppuna og teljum við að betri yfirsýn yfir vinnu og framför nemandans fái með því að safna í sýnismöppu. Námsmat er nú fjölbreyttara og auðvelt að nota gátlista til þess að meta vinnu og stöðu nemandans. Nemendur eru áhugasamir um þau verkefni sem eru í sýnismöppunni. Foreldrar eru jákvæðir gagnvart möppunum og sýna þeim áhuga.

Hvað hefði mátt fara betur?

Tímabrekkara var að safna/velja verkefni í möppuna en menn bjuggust við og erfitt var fyrir nemendur 1. bekkjar að vinna raunsæ sjálfsmatsverkefni. Einnig var erfitt að búa til eða finna ákjósanlega gát- eða marklista. Gera þarf tímaplan í upphafi annar þar sem fram kemur áætlun um hvað skuli safna í möppuna í hverjum mánuði og fara eftir því.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Já, gert er ráð fyrir því að safna í möppuna alla grunnskólagöngu nemandans með breyttum áherslum á hverju ári, t.d. meira af skriflegum verkefnum eftir því sem líður á skólagönguna. Þær umbætur sem þarf að gera má sjá í kaflanum fyrir ofan.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Nemendur 1. bekkjar þekkja ekkert annað og voru jákvæðir gagnvart námsmatinu. Ekki er þó hægt að segja að þeir hafi velt því mikið fyrir sér þegar þeir unnu verkefni en nemendur voru ánægðir með það sem í möppunum þeirra er.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Við hugsuðum á annan hátt um námsmatið og spáðum meira í hvað ætti að meta. Við notuðum meira gátlista og mat á vinnubrögðum var markvissara. Ætlunin var að nota sjálfsmat nemenda meira en fljótlega kom í ljós að erfitt var fyrir nemendur 1. bekkjar að meta sjálfir það sem þeir voru að gera. Í staðinn unnu þeir blöð sem tengdust þeim sjálfum s.s. um líkamann-mælingar og um áhugamál og hvert þeir stefna. Stefnum á að halda áfram með möppurnar og vinna þá út frá skipulagðu tímaplani.